

## Nefndarálit með breytingartillögu

### um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Önnu Tryggvadóttur, Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur, Ingu Birnu Einarsdóttur og Silju Stefánsdóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Meiri hlutinn telur þörf á að gera nokkrar breytingar tæknilegs eðlis, m.a. til að samræma hugtakanotkun milli frumvarps þessa og frumvarps til laga um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem velferðarnefnd afgreiddi 28. maí sl. þar sem heiti stofnunarinnar var breytt í Ráðgjafar- og greiningarstöð. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á frumvarpi þessu til að samræma hugtakanotkun ásamt öðrum tæknilegum breytingum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

1. Í stað orðanna „Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins“ í 2. mgr. 1. gr. komi: Ráðgjafar- og greiningarstöð.
2. Í stað orðsins „tilefni“ í 2. másl. 1. mgr. 13. gr. komi: kjölfar.
3. Við 2. tölul. 25. gr.
  - a. B-liður falli brott.
  - b. 2. tölul. i-liðar orðist svo: 4. mgr. orðast svo:  
Ráðherra setur reglugerð um innra eftirlit barnaverndarnefnda, m.a. um heimsóknir á fósturheimili.

Alþingi, 7. júní 2021.

Halla Signý Kristjánsdóttir, Ásmundur Friðriksson. Ólafur Þór Gunnarsson.  
frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.